



Ársfundur 17. maí 2023

Skýrsla stjórnar flutt af Dan Jens Brynjarssyni

Góðir fundarmenn

Rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var á árinu 2022 líkt og á undanförunum árum í föstum og traustum skorðum. Sjóðurinn hefur um árabil rekið nokkuð varfærna fjárfestingarstefnu þar sem stærsti hluti fjárfestinga sjóðsins er myndaður af ríkistryggðum verðbréfum.

Eignir sjóðsins eru eins og fyrra ár metnar á gangvirði og eiga að gefa nokkuð glögga mynd af eignastöðu í árslok.

Alls greiddu 39 sjóðfélagar hjá 5 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins árinu og fækkaði greiðandi sjóðfélögum um 15 frá fyrra ári. Árið þar áður fækkaði greiðandi sjóðsfélögum um 7 og hefur því greiðandi sjóðsfélögum fækkað um 22 á tveimur árum. Iðgjöld námu samtals 37 milljónum króna og lækkuðu um 19,8% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 37 en voru ári áður 44.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 1.230 milljónum króna og hækkuðu um 6% frá fyrra ári og var fjöldi lífeyrisþega að meðaltali 756 á árinu 2022 og 726 á árinu 2021 en á árinu 2020 nam fjöldinn 672. Fjöldinn hefur því aukist um 84 á tveimur árum eða 12,5%.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var -0,4% og hrein raunávöxtun -9,1% samanborið við 13,5% nafnávöxtun og 8,0% raunávöxtun á árinu 2021. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 13.778 milljónum króna og lækkaði um 5,4% frá fyrra ári.

Meðalraunávöxtun s.l. 5 ára er 2,4% og 3,4% ef horft er til síðustu 10 ára sem teljast má viðunandi.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 1.015 m.kr. á árinu. Áfallnar skuldbindingar sjóðsins námu um áramót 24.157 m.kr. og eignir til tryggingafræðilegs uppgjors 13.722 kr. Áfallnar skuldbindingar nema því 10.435 m.kr. umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir um 56,8% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2% ársvexti umfram launabreytingar.

Sjóðurinn er með ábyrgð Akureyrarbæjar og byggir ekki alfarið á sjóðsöfnun. Launagreiðendum ber skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum og að teknu tilliti til þeirra má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Góðir fundarmenn

Eins og fram hefur komið þá hefur rekstur sjóðsins verið í föstum skorðum á liðnum árum og gerir stjórn sjóðsins ráð fyrir að rekstur verði með svipuðu sniði á þessu ári.

Samstarf sjóðsins við Stapa lífeyrissjóð hefur gengið vel. Ég vil nota tækifærið til að þakka starfsfólki Stapa svo og stjórnarmönnum og varastjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Sömu þakkir eru færðar lífeyrisþegum og sjóðfélögum.